

Aðsent efni. “Kjósarveitur á mannamáli”

Ágætu sveitungar.

Nýverið barst okkur dreifibréf frá hreppsyfirvöldum, hið allra besta, þar sem farið er yfir hina ýmsu þætti sem eru á vettvangi sveitarfélagsins. Vert er að þakka fyrir þetta framtak, þó segja mætti að upplýsingarnar, mættu fyrir minn smekk koma í minni skömtum og kannski væri jafnvel hægt að koma þeim á framfæri á heimasíðu hreppsins svona endrum og eins, en látum það vera.

Í fyrrihluta bréfsins er farið yfir hitaveituframkvæmdir. Full ástæða er til að mæra yfirvöldum fyrir þann kjark og framsýni sem þau hafa sýnt með að ljúka þessu framfaraverkefni, sem svo lengi hefur verið á óskalista flestra íbúa hreppsins og grunnur var lagður að með fundi á heitri æð í landi Möðruvalla. Nú er verkefnið nánast að baki og enn á ný þarf að líta fram á veginn. Framkvæmdartíminn er liðinn og tekur þá við rekstrartími. Af gögnum sem greint er frá í bréfinu, ársreikningi sem birtur er á netinu og vinnublaði að fjárhagsáætlun má að nokkru leiti gera sér grein fyrir hver rekstrarhæfni veitunar er.

Þó eftirfarandi samantekt leikmans kunni að vekja upp efasemdir þá er alls ekki ástæða til að örvænta, heldur þvert á móti. Niðurstöðurnar framlagða gagna sýna að framkvæmdin var gerleg þó verkefnið hafi verið stórt. Veitan skapar ófá tækifæri til uppbyggingar í hreppnum sem getur aukið tekjur hennar til lengri tíma, þó vissulega er á brattan að sækja til skemmri tíma litið. Það er sameiginlegt verkefni að komast yfir erfiðasta hjallan.

Sala á heitu vatni rekstrarárið, árið 2017, nam andvirði 14.5 millj.kr. og rekstrarkostnaður ríflega 70 millj.kr. sem skiptast gróflega þannig; launakostnaður 26,5 millj. annar kostnaður 14 millj. vaxtakostnaður 31 millj og fyrningar um 3 millj kr. Þessum rekstrarhalla er annars vegar mætt með að bæta honum við stofnkostnað og hinsvegar að færa niður hlutfé Kjósarhrepps í Kjósarveitum.

Í fjárhagsáætlun fyrir Kjósahrepp árið 2018 er gert ráð fyrir að verja 28 millj kr. í launakostnað hjá Kjósarveitum og 17 millj. til reksturs, þá er ótalið fjármagnskostnaður og fyrningar. Ætlað er að tekjur af sölu á vatni 2018 neni um 50 millj.kr.

Til lengri tíma litið og með hliðsjón af tiltækum gögnum má ætla að fyrnanlegur stofnkostnaður verði um 600 millj.(sjá ath neðst) sem verði fjármagnaður að fullu með lánsfé. Það lætur nærri, að vegna þessa tveggja rekstrarþátta, þurfi árlega um 50 millj.kr. gjaldfærslu auk launa og rekstrarkostnaðar. Það er því varlega áætlað að námunda rekstrarkostnað við 100 millj.kr. að óbreyttu á komandi árum.

Hins vegar er gert ráð fyrir að rekstrartekjur verði einungis komnar í 93 millj.kr.árið 2021 og er því fyrir séð að um verulega neikvæða rekstrarniðurstöðu verði um að ræða á komandi árum. Það kann að vera ásættanlegt og fyrirséð. Hins vegar er það hagsmunir notenda að jafnvægi komist á hið allra fyrsta. Til þess þarf að beita öllum þeim ráðum sem tiltæk eru hjá hreppsyfirvöldum. Fjölgun notenda, hagstæð lánakjör eða hækkun notendagjalda eru m.a. þættir sem tiltækir eru. Þó er líklegast að aðhald í rekstri komi til með að vega þyngst í þeim efnum. Ekki verður annað séð en að með samþættingu reksturs Kjósarhrepps og Kjósarveitna gætu veruleg samlegðaráhrif náðst.

Sigurbjörn Hjaltason

Kjósarhreppur lagði til hlutafé í Kjósarveitum. Nam það bókfærðum kostnaði vegna leitar og borunnar samtals 133 millj.kr. auk lóðar að verðgildi 35 millj.kr eða samtals 168 millj. Rýrnun á hlutafé er orðin 41 millj vegna taprekstrar

Bókaður stofnkostnaður hjá Kjósarveitum er rétt um einn miljarður

Samtals kostnaður vegna leitar, rannsókna, boranna og dreifingu er því 1,2 miljarða.

Á móti stofnkostnaði koma tengigjöld og endurgreidda niðurgreiðslur vegna húshitunar á köldum svæðum.

Allar tölur í skjali þessu er á virðisaukaskatts.